

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna lagningu ökutækja í Vesturhlíð, þannig:

- við norðurkant, frá Suðurhlíð að Vesturhlíð 7,
- við suðurkant, frá Suðurhlíð að aðalinneyrslu Fossvogskirkjugarðs.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. ágúst 2002.*

**Böðvar Bragason.**

## AUGLÝSING

### um hættumat fyrir Eskifjörð.

Samkvæmt 2. mgr. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997 með síðari breytingum hefur ráðherra þann 12. ágúst 2002 staðfest tillögu hættumatsnefndar Fjarðabyggðar að hættumati fyrir Eskifjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu 12. ágúst 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Akureyri.

Skv. skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Akureyrar þann 7. maí 2002 samþykkt breytingu á deiliskipulagi Giljahverfis IV.

Um er að ræða breytt skipulag svæðis vestan Merkigils, beggja vegna við Fákagil, sem í upphaflegu deiliskipulagi var ætlað undir verslun og þjónustu. Hið breytta skipulag gerir ráð fyrir tveimur lóðum þarna fyrir samtals 15 íbúðir í einnar hæðar raðhúsum, án bílskúra.

Uppdráttur með greinargerð hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.